

Priðjudaginn 27. mars 1990.

Nr. 436/1989

og 461/1989. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Birgi Andréssyni

(Jón Oddsson hrl.).

Nauðgun. Skírlífisbrot. Skjalafals. Málasamsteypa. Tilraun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari og Sigurður Líndal prófessor.

Ríkissaksóknari hefur með stefnu 24. október 1989 áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða dómi sakadóms Reykjavíkur 19. júní 1989 í máli, sem höfðað var með ákæru 21. febrúar 1989 á hendur ákærða og þremur öðrum, sem una héraðsdómi. Þá hefur ríkissaksóknari einnig að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 31. október 1989 dómi sakadóms Hafnarfjarðar og Garða 25. september 1989 í máli, sem höfðað var gegn ákærða með ákæru 29. janúar 1987. Báðum þessum dómum er einnig áfrýjað af ákærvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu ákærða.

Málin hafa verið sameinuð og flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

I.

Héraðsdómur 19. júní 1989.

Samkvæmt skýrslu ákærða hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 9. ágúst 1988, sem hann staðfesti fyrir dómi 7. mars 1989, sá ákærði meðákærðu með óútfyllt tékkaeyðublöð. Við sama tækifæri bauð annað meðákærðu ákærða fé fyrir gamla bankabók, er ákærði átti. Samþykkti ákærði þetta. Ákærði fór síðan í bifreið með meðákærðu að bankastofnunum þeim, sem nefndar eru í ákærunni, og samkvæmt framburði hans fyrir dómi 27. apríl 1989 vissi hann, að ætlunin var að selja falsaðan tékka.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir bera að staðfesta niðurstöðu hans um, að ákærði hafi staðið að brotum þeim með ofangreindum tveimur með-

ákærðu, sem lýst er í ákæru málsins. Er atferli hans réttilega heimfært til refsíákvæða í héraðsdómi.

Kröfu Búnaðarbanka Íslands, að fjárhæð 97.000 krónur, var af hálfu bankans ekki beint að ákærða Birgi. Voru því ekki efni til, að héraðsdómari fjallaði um þessa kröfu, að því er tók til hans. Ber við svo búið að ómerkja ákvæði héraðsdóms, er að þessu lýtur, og vísa kröfu þessari, að því er ákærða Birgi varðar, frá héraðsdómi.

II.

Héraðsdómur 25. september 1989.

Ákæruliður 1.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa 19. október 1986 haft samfarir við stúlku þá, sem tilgreind er í þessum ákærulið, en hún var þá 12 ára. Ákærði vissi, að hún var ekki eldri en 13 ára. Framburður vitna um aðdraganda þess, að stúlkan fór inn í herbergi ákærða með honum, um ástand hennar, er hún kom þaðan út, og af ummælum hennar við tvær vinstúlkur styrkja frásögn hennar um, að ákærði hafi beitt hana líkamlegu ofbeldi. Vottorð Arnars Hauks-sonar læknis styður og framburð hennar. Með hliðsjón af framan-sögðu þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um atferli það, sem hann er hér saksóttur fyrir, og varðar það við 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákæruliðir 2 og 3.

Staðfest er niðurstaða héraðsdóms varðandi þessa ákæruliði, þ.e., að ákærði hafi tvívegis tælt stúlku þá, sem nefnd er í þessum ákæruliðum, til samræðis við sig og í eitt skipti reynt slíkt. Var ákærða ljóst, að stúlkan var ekki eldri en 15 ára.

Brot þau, sem þessir ákæruliðir fjalla um, eru réttilega heimfærð til refsíákvæða í héraðsdómi.

Ákæruliðir 4 og 5.

Af hálfu ákæruvaldsins er krafist staðfestingar á sakfellingu héraðsdóms fyrir brot gegn 2. mgr. 200 gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga og fallið frá kröfu í ákæru um sakfellingu samkvæmt 1. mgr. 194. gr., sbr. 20. gr. sömu laga.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa reynt að hafa kynmök við

stúlkur þær, sem nefndar eru í þessum ákæruliðum, en þær voru báðar 15 ára á þessum tíma. Báðar höfðu unnið hjá ákærða, og mátti honum vera ljós aldur þeirra. Með hliðsjón af þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans, að ákærði hafi umrætt sinn reynt að tæla nefndar stúlkur til samræðis, þannig að varði við 2. mgr. 200. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga. Verður fyrrnefnda lagaákvæðinu beitt hér, þótt ekki sé vísað til þess í ákæru, enda hefur málið verið flutt fyrir Hæstarétti með hliðsjón af því, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Ákæruliður 6.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa farið á eftir stúlku þeirri, sem nefnd er í þessum ákærulið, inn á salerni, en vitni hefur borið um ágengni ákærða við hana áður. Stúlkann var 14 ára. Vitni heyrðu stúlkuna hrópa upp inni á salerninu, og síðan kom hún út þaðan grátandi með sprungna vör. Ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið utan um hana og hún síðan fallið, er hann slepti henni. Með hliðsjón af þessu þykir sannað, að ákærði hafi ráðist þannig á stúlkuna, að varði við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Brot þau, sem ákærði hefur verið fundinn sekur um samkvæmt II. kafla hér að framan, verða að teljast stórfelld. Ákærði rak leiktækjastað, þar sem unglingar vöndu komur sínar, þar á meðal stúlkur þær, 12 til 15 ára gamlar, sem tilgreindar eru í ákæru málsins. Sumar þeirra höfðu starfað hjá ákærða. Þá liggur og fyrir, að ákærði hafi stundum veitt stúlkunum áfengi og hagnýtt sér ölvun þeirra.

Þegar framangreint er haft í huga og með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 3 ár. Til frádráttar refsingunni kemur gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 11. - 26. nóvember 1986 með fullri dagatölu.

Staðfest eru ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Meðferð máls þess, sem um er fjallað í II. kafla hér að framan, tók 2 ár og 8 mánuði eftir útgáfu ákæru. Hefur sá dráttur, sem varð á rekstri málsins, ekki verið réttlættur, og er hann vítaverður.

D ó m s o r ð:

Framangreindri skaðabótakröfu er vísað frá héraðsdómi, að því er ákærða, Birgi Andrésson, varðar.

Ákærði sæti fangelsi í 3 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 11. - 26. nóvember 1986.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað eiga að vera öröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. júní 1989.

Ár 1989, mánudaginn 19. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 279-282/1989: Ákærvaldið gegn Birgi Andréssyni, X, Y og Z, sem tekið var til dóms 31. f.m.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 21. febrúar sl., á hendur ákærðu, Birgi Andréssyni, Gnoðarvogi 74, fæddum 23. apríl 1959 í Reykjavík, X [.....], Y [...] og Z [...], öllum til heimilis þar í borg.

Í ákærinni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir skjalafals framið í Reykjavík í júlí 1988, nema annar tími sé tekinn fram:

— — —

II. Ákærðu Birgi, Y og Z er gefið að sök að hafa staðið saman að því að falsa og nota í viðskiptum 2 tékka úr ofangreindu tékkhefti, svo sem rakið er:

1. Tékki nr. 270, að fjárhæð kr. 92.380, dagsettur 20.7. 1988, gefinn út til Y með útfgefandanafnrítuninni Þórhallur Tryggvason. Ákærðu framvísuðu tékkanum í söluskyni í afgreiðslu Útvegsbanka Íslands í Suðurverí.

2. Tékki nr. 273, að fjárhæð kr. 97.000, dagsettur 20.7. 1988, gefinn

út til Harðar Karlssonar með útgefandanafnrituninni Þórhallur Tryggvason. Seldur í Háaleitisútbúi Búnaðarbankans.

— — —“

Málavextir:

I.

— — —

II.

Ákærðu Y og Z hafa viðurkennt, að sakargiftum sé rétt lýst í þessum kafla ákærunnar, að því er þau varðar, en ákærði Birgir Andrésson kveðst vera saklaus.

Ákærði Z kveðst hafa látið ákærðu Y hafa eyðublað úr áðurgreindu hefti til að falsa á tékka þann, sem um ræðir í 1. lið þessa kafla ákærunnar. Ákærði fékk ákærðu til þess að reyna að leggja tékkann inn á bankareikning í Útvegsbankanum í Suðurverri. Það tókst ekki, og komust þau á brott í bifreið, sem þau voru í ásamt ákærða Birgi, en ákærðu biðu utan dyra í bifreiðinni, á meðan ákærða Y fór inn, og vissu ákærðu báðir, hvað hún aðhafðist. Ákærði fullyrðir, að ákærða Y hafi ritað nafn útgefandans á tékkann. Þá fullyrðir ákærði, að ákærði Birgir hafi ekki verið ölvaðri en svo, að hann hafi vitað, hvað verið var að gera.

Ákærði kannast við að hafa látið ákærðu Y falsa tékkann, sem um ræðir í 2. lið þessa kafla ákærunnar. Ritaði ákærða Y alla framhlið tékkans, en ákærði framsalsnafnið á bakhlið hans, og ákærði lagði sjálfur andvirði tékkans inn á bankabók ákærða Birgis í Seljaútibúi Búnaðarbanka Íslands. Þetta gerði hann í Háaleitisútbúi bankans, en síðar sama dag fór hann í Seljaútibúið og tók út 95.000 krónur.

Ákærði segir, að ákærði Birgir hafi vitað, að nota skyldi bankabók hans við að ná út peningum með fölsuðum tékka. Ákærði segir, að báðir tékkarnir hafi verið skrifaðir heima hjá ákærða Birgi í húsi við Hverfisgötu eða Laugaveg. Ákærði telur mögulegt, að ákærði Birgir hafi ekkert fengið af andvirði 97.000 króna tékkans.

Ákærði segir, að hann hafi notað allt það, sem hann fékk fyrir tékkann, fyrir sjálfan sig og aðra í óreglu.

Ákærða Y kannast við að hafa staðið að því að nota umrædda tvo fals-tékka, og hafi hún falsað með eigin hendi framhlið þeirra beggja, en þó ekki ritað útgefandanafnið á hinn fyrrgreinda. Það hafi ákærði Birgir gert. Ákærða kveðst hafa ritað eigið nafn á bakhlið fyrrgreinda tékkans sem framseljandi. Ákærða kveðst sjálf hafa ritað innleggsnótu vegna fyrrgreinda tékkans, en hún hugðist leggja andvirði hans inn á bankabók í Útvegsbankanum í Suðurverri. Gjaldkerinn vildi skoða tékkann betur, og

þá flúði ákærða af vettvangi ásamt ákærðu Birgi og Z, sem biðu í bifreið fyrir utan bankann. Ákærða segir, að ákærði Birgir hafi verið í „black-outi“ vegna drykkju í bifreiðinni og því tæpast vitað, hvað þau hin voru að aðhafast. Ákærða segir, að það megi segja, að ákærði Z hafi hvatt hana til að selja umræddan tékka.

Ákærða kveðst hafa verið með ákærða Z síðar sama daginn og þau fóru í bankann í Suðurverri, þegar hann fór í Háaleitisútibú Búnaðarbanka Íslands og seldi þar 97.000 króna tékkann. Lét ákærði Z andvirði hans inn á bankareikning ákærða Birgis, sem hafði lánað þeim bók sína. Enn síðar sama dag tók ákærði Z fjárhæðina út úr reikningnum og gerði það í Seljaútibúi sama banka. Ákærði Birgir fékk ekkert af andvirði tékkans, sem ákærða og ákærði Z voru að mestu búin að eyða í óreglu, þegar til þeirra náðist. Ákærði Birgir var að sögn ákærðu ekki með þeim í bifreiðinni, þegar þau voru að ná út peningunum fyrir 97.000 króna tékkann.

Ákærða kveðst standa í þeirri trú, að ákærði Birgir hafi vegna ölaðis ekki gert sér grein fyrir, hvað þau hin ákærðu ætluðust fyrir með bankabók hans.

Ákærði Birgir kveðst hafa verið mikið ölvaður á ferð umrætt sinn í bifreið með ákærðu Z og Y, sem bæði voru undir áhrifum eiturlyfja. Ók Z í þetta skipti að Útvegsbanka Íslands í Suðurverri, þar sem ákærða Y fór inn, og vissi ákærði, að hún ætlaði að selja tékka. Jafnframt vissi ákærði, að ekki væri í lagi með umræddan tékka. Ákærði segir, að ákærða hafi verið með í sínum fórum bankabók frá ákærða, sem ákærði Z hafði fengið ákærða til að láta siga hafa. Ákærði kveðst vegna ölvunar ekki hafa áttað sig á því, í hvaða skyni ákærði Z vildi fá bókina. Ákærða Y kom út úr bankanum án þess að hafa fengið peninga og var þá ekið með „hraði“ á brott.

Ákærði kveðst ekki hafa fengið bókina í hendur aftur, og ekkert veit ákærði um sölu meðákærðu á 97.000 króna tékkanum né fékk ákærði hluta af andvirði þess tékka. Ákærði segir, að ákærði Z hafi boðið honum peninga fyrir afnot af bókinni, og renndi ákærði grun í, að nota ætti bókina í einhverjum ólöglegum tilgangi. Í fyrri yfirheyrslu yfir ákærða kvað hann um hafa verið að ræða 30.000 krónur, en í síðari yfirheyrslum talar ákærði um 15-20.000 krónur. Ákærði Z segist mótmæla framburði ákærða Birgis, og hafi hann vel vitað, hvað verið var að gera. Ákærði Z segir, að ákærði Birgir hafi verið úti í bifreiðinni, þegar hann lagði inn 97.000 króna tékkann, en verið horfinn, þegar ákærði kom aftur út úr bankanum. Þá var hann ekki við, þegar peningarnir voru teknir út úr bankanum.

Ákærði Birgir segir, að ákærðu hafi komið í heimsókn á Laugaveg 142 í Reykjavík, þar sem ákærði var staddur hjá húsráðanda, sem einnig var heima. Ákærði kveðst ekki hafa vitað, að ákærðu væru að falsa tékka í

íbúðinni, en ákærði kveðst hafa verið ofurölvi og sofandi megnið af tímanum. Þegar ákærði vaknaði, bað ákærði Z ákærða að lána sér bankabók, og mundi hann þá útvega ákærða peninga. Ákærði var félaus og lét til leiðast. Varð honum ljóst, þegar búið var að yfirgefa íbúðina og ekið var að bankanum í Suðurveru, að ætlunin var að selja falsaðan tékka. Var ákærði þá mjög ölvður eins og áður, en þau hin frísk, enda nýbúin að sprauta sig í íbúðinni með einhverju örvandi.

Ákærði staðfestir, að hann hafi verið í bifreiðinni með ákærðu, þegar ákærði Z lagði 97.000 króna tékkann inn í Háaleitisútibú bankans á reikninginn í Seljaútibúinu. Ákærði kveðst ekki hafa vitað, að þetta hefði tekist, en næst var ekið upp í Breiðholt, og þar fór ákærði Z inn í Seljaútibú bankans. Þegar hann kom út aftur úr Háaleitisútibúinu, sagði hann, að förin hefði misheppnast, en áður en ákærði Z kæmi til baka úr Seljaútibúinu, var ákærði búinn að yfirgefa bifreiðina. Ákærði hefur ekkert hitt ákærða Z eftir þetta.

Stuttu eftir að ákærði yfirgaf bifreiðina, kveðst hann hafa hringt í Svein Björnsson, rannsóknarlögreglumann í Hafnarfirði, sem ákærði er málkunnugur, og sagði honum, hvað hin ákærðu væru að aðhafast.

Sveinn Björnsson hefur sent dóminum yfirlýsingu þess efnis, að hann muni ólöggt eftir því, að ákærði Birgir hafi tilkynnt honum um ávísanafals einhverra hjóna í júlí sl., en vill ekki útiloka, að þetta hafi gerst.

III.

— — —

Niðurstöður.

— — —

Ákærði Birgir hefur lýst yfir sakleysi sínu vegna fölsunar og notkunar tékkanna tveggja í II. kafla ákærunnar, en gerð þeirra og notkun er þar rétt lýst. Hann hefur samt viðurkennt að hafa verið með hinum ákærðu, þegar þau voru að reyna að nota tékkana, og einnig að hafa látið þau hafa bankabók sína, en ákærði Z hafi boðið honum fé fyrir afnot af bókinni, sem hann hafi rennt grun í, að ætti að nota í einhverjum ólöglegum tilgangi. Einnig hefur ákærði Birgir viðurkennt að hafa vitað, að ekki var í lagi með fyrrgreinda tékkann, þegar reynt var að nota hann, og að ákærða Y var þá með bankabókina. Þegar allt þetta er virt, þykir sannað þrátt fyrir framburð ákærða um, að hann hafi ekki áttað sig á því vegna ölvunar, í hvaða skyni ákærði Z vildi fá bókina, og framburð ákærðu Y um, að ákærði Birgir hafi ekki vitað vegna ölæðis, hvað ætlast var fyrir með bankabókina, að ákærða hafi ekki getað dulist, hvað verið var að gera,

enda fullyrðir ákærði Z, að svo hafi verið. Þykir því sannað, að ákærði Birgir hafi staðið að fölsunarbrotum þessum í félagi við ákærðu Y og Z, en þeirra hlutur að málinu er sannaður með játningum þeirra sjálfra, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið um það efni.

— — —

Sakaferill ákærðu.

Ákærði Birgir:

[Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði Birgir sætt alls átta refsídómum, einum fyrir líkamsárás, öðrum fyrir fjársvik og sex fyrir umferðarlagabrot (hinn síðasti uppkveðinn 29. apríl 1989). Þá hefur hann níu sinnum sæst á greiðslu sektar.]

— — —

Refsingar.

Ákærðu verður öllum ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga, og samkvæmt 60. gr. sömu laga verður hin skilorðsbundna refsing ákærðu Y samkvæmt dóminum frá 5. desember 1988 felld inn í þá refsingu, sem henni verður nú ákvörðuð, en ákærða hefur ekki rofið skilorð dómsins. Þá verður við ákvörðun refsingar ákærða Birgis höfð hliðsjón af því, að hann naut einskis af því, sem ávannst með brotum þeim, sem hann er sakfelldur fyrir.

Ákærði Birgir sæti fangelsi í 1 mánuð, ákærði X sæti fangelsi í 4 mánuði, ákærða Y sæti fangelsi í 5 mánuði og ákærði Z sæti fangelsi í 4 mánuði. Þar sem ákærða Y hefur ekki rofið skilorð áðurgreinds dóms, þykir eftir atvikum mega ákveða, að fresta skuli fullnustu refsingar hennar, og niður skal hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi hún almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Skaðabætur.

Eftirgreindir aðilar gera bótakröfur sem hér segir:

— — —

Búnaðarbanki Íslands 97.000 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 20. júlí 1988.

— — —

Ákærðu önnur en ákærði Birgir hafa samþykkt þær bótakröfur, sem uppi eru hafðar á hendur þeim. Ákærðu verða dæmd til þess að greiða kröfurnar eins og nánar greinir í dómsorði.

— — —

Ákærði, Birgir Andræsson, sæti fangelsi í 1 mánuð.

— — —

Ákærðu Birgir, Y og Z greiði óskipt í bætur Búnaðarbanka Íslands 97.000 krónur ásamt almennum vöxtum frá 20. júlí 1988 til greiðsludags.

Ákærði Z greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, 30.00 krónur í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar og Garða 25. september 1989.

Ár 1989, mánudaginn 25. september, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar og Garða, sem háð er að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 21/1987: Ákæruvaldið gegn Birgi Andræssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. september sl., er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 29. janúar 1987, höfðað gegn Birgi Andræssyni, Smiðsbúð 9, Garðabæ, fyrir eftirgreind skírlífisbrot og líkamsárás á árinu 1986:

1. Sunnudaginn 19. október skömmu eftir kl. 23.00 í herbergi sínu á 2. hæð í billjarðstofunni og leiktækjasalnum að Smiðsbúð 9, Garðabæ, þröngvað stúlkunni A, [...], fæddri [...] 1973, til holdlegs samræðis með líkamlegu ofbeldi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Að hafa tvívegis í nefndu herbergi sínu að Smiðsbúð 9, Garðabæ, tælt stúlkuna B, [...], fædda [...] 1973, til holdlegs samræðis, í fyrra skiptið í júlí eða september og í síðara skiptið sunnudaginn 12. október skömmu eftir kvöldverðartíma.

Telst þetta varða við 2. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Laugardagskvöldið eða nóttina 8. nóvember á sama stað reynt að tæla nefnda B gegn vilja hennar til samræðis.

Telst þetta varða við 2. mgr. 200. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

4. Þriðjudaginn 21. október skömmu eftir kl. 20.00 reynt að þröngva stúlkunni C, [...], fæddri [...] 1971, til holdlegs samræðis með líkamlegu ofbeldi í herbergi sínu að Smiðsbúð 9, Garðabæ.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

5. Aðfaranótt mánudagsins 29. september reynt að þröngva stúlkunni D, [...], fæddri [...] 1971, til holdlegs samræðis með líkamlegu ofbeldi í herbergi sínu að Smiðsbúð 9, Garðabæ.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

6. Laugardagskvöldið 8. nóvember um miðnættið slegið stúlkuna E, [...], fædda [...] 1972, [...], í andlitíð og skellt henni í gólfið á salerni í Smiðsbúð 9, Garðabæ. Bólgaði hún á efri vör hægra megin og hlaut áverka á hægri fót við fallið.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

— — —

Samkvæmt framburði ákærða, vætti vitna og öðrum rannsóknargögnum eru málavextir þessir:

Hinn 15. apríl 1986 keypti ákærður Billjarðstofu Garðabæjar, þ.e. hann tók húsnæðið, sem hún var í að Smiðsbúð, Garðabæ, á leigu, en keypti tækin, sem þar voru fyrir, og önnur til viðbótar og hélt áfram rekstrinum, sem hafði verið þarna fyrir, og stofnaði félag um reksturinn, og var leyfi fyrir honum til fyrri eiganda til 1. sept. 1986. Ákærður hafði síðar tekið á leigu annan sal í sama húsi, sem var óinnréttuð (sic). Hann hafði svo innréttað þennan sal og keypt í hann leiktæki. Hann hafði sótt um leyfi til reksturs með þessi leiktæki hjá bæjarfógetanum í Garðabæ, en ekki hafði umsókn hans verið afgreidd, er hann opnaði leiktækjasalinn 20. júní 1986. Hann hafði 24. júlí 1986 sótt um til Garðabæjar að fá leyfi til reksturs billjarðstofu og spilasalar að Smiðsbúð 9, Garðabæ, en það erindi var óafgreitt, er staðnum var lokað, svo sem síðar verður vikið að, en ákærður hafði ekkert leyfi til rekstursins, eftir að leyfi til fyrri eiganda rann út 20. ágúst 1986 eða 20. sept. 1986. 20. ágúst 1986 hafði ákærður sótt til bæjarstjórnar Garðabæjar um leyfi að reka félagsmiðstöð fyrir unglinga í Garðabæ í greindu húsnæði, en var synjað, eða erindinu var vísað frá. Á tímabilinu frá 8. febrúar til 28. júlí 1986 fór lögreglan í Garðabæ fjórum sinnum í eftirlitsferð á staðinn, og virtist allt þá eðlilegt og ekki óregla eða ósæmileg hegðun á þeim ungmennum, sem þar voru, en í eitt skiptið voru teknar af þeim þrjár áfengisflöskur, en þeir höfðu ekki aldur til að hafa það (sic) undir höndum. Hins vegar hafði félagsmálastjóra Garðabæjar tekið að berast til eyrna, er leið á haustið, að unglingar væru að drekka þar innan

ðyra, en staðurinn var mikið sóttur af unglingum. Fram er komið, að á þessum tíma er ákærður farinn að veita unglingum áfengi og er með klám-kjaft og áreitni við þá. Hann hafði og sjálfur tekið að neyta óhóflega áfengis í október, og hafði ástandið á billjarðstofunni farið hriðversnandi, og sunnudagskvöldið 9. nóvember 1986 er lögreglan í Garðabæ svo kvödd að billjarðstofunni vegna áfloga þar, og áttust þar við ákærður og Gísli V. Bryngeirsson, Eskiholti 20, Garðabæ, en hann var ölvaður og hafði í hótunum við ákærða. Ákærður virtist hins vegar undir áhrifum einhverra vímuefna og var mjög óstyrkur á fótunum. Var framangreindum Gísli og öðrum unglingum, sem þarna voru, vísað út. Síðar um kvöldið var svo óskað eftir sjúkrafreið að billjarðstofunni til að flytja ákærða á slysadeild Borgarspítalans vegna ofnotkunar lyfja.

Er lögreglan lokaði þarna staðnum fyrr um kvöldið, sem þá hafði, sem fyrr greinir, verið rekinn án tilskilinna leyfa frá 20. ágúst 1986, höfðu tal af henni nokkrar ungar telpur, sem héldu því fram, að ákærður hefði, eftir að hafa veitt þeim áfengi, misnotað þær kynferðislega. Þá töldu þær hann neyta vímuefna og bjóða öðrum þau til sölu og neyslu. Stúlkurnar fóru svo til rannsóknarlögreglu ríkisins til að kæra ákærða, og voru síðan teknar af þeim sjálfstæðar skýrslur, sem leiddu svo eftir frekari rannsókn til málshöfðunar þessarar, þar sem ákærður var sakaður um 5 skirlífisbrot og eina líkamsárás, eins og vikið verður nú nánar að, og fylgt sömu númeraröð og í ákæru.

1. A.

Hún hafi verið að vinna í leiktækjasalnum að Smiðsbúð 9 hjá ákærða fram til kl. 23.00 sunnudaginn 19. október 1986, en þá hafi ákærður lokað staðnum, en leyft þeim unglingum, sem þá voru þar ásamt A, að vera áfram fram til kl. 23.30 við að spila. Þá voru þarna í leiktækjasalnum auk A og ákærðu C Jón Örn Guðmundsson, Engimýri 8, Garðabæ, og Ágúst Petersen, Faxatúni 28, Garðabæ, og hafa þau öll borið um atvik að meintu broti ákærða hér fyrir dómi.

Fram er komið, að ákærður var þarna með rúmlega tveggja lítra flösku af Whisky-víni, sem hann var að drekka úr, og bauð unglingunum að drekka með sér, og neyttu sum þeirra af þessu áfengi, og varð einn þeirra, Jón Örn, töluvert mikið drukkinn, en þau voru við neysluna fram yfir miðnætti. Ákærður hafði verið drukkinn, og A hafði drukkið lítils háttar af áfengi. Þau höfðu öll verið í þeim hluta leiktækjasalarins, þar sem var „diskótek“ og lengst er frá innganginum á salnum. Það leyndi sér ekki þarna, að ákærður hafði mikinn áhuga á A og var að reyna við hana, og er hún sat þarna á stól gegnt honum og hann var að teygja sig eftir plötum, náði hann að kyssa hana einn koss, og kvaðst hún þá hafa sagt honum að hætta. Hann hafði verið að biðja hana að koma með sér í herbergi

sitt, sem var við hliðina á billjarðstofunni, og var gengið inn í það úr ganginum að billjarðstofunni. Ekki hafði hún tekið undir það að fara með honum, en hann haldið áfram að nauða í henni. Hún hafði þá viljað, að C kæmi með henni og beðið hana um það. C hafði þá verið að tala við Ágúst Petersen og færst undan því og talað um, að ákærður væri svo góður strákur, hún skyldi fara með honum. Ákærður hafði þá tekið um öxlina á henni og þau farið saman inn í herbergi hans. Hún heldur því fram, að hann hafi hálfðregið hana inn í herbergið, en hann kvað hana hafa komið fúslega með honum. Ekki er fram komið, að hún hafi streist á móti. Vitnunum C og Ágústi Petersen ber saman um, að ákærður hafi dregið eða hálfðregið A með sér í herbergi sitt. Eftir að inn í herbergið var komið, lýsir A atvikum svo, að ákærður hafi þá ætlað að læsa hurðinni og hún þá ætlað út, en hann þá hent henni niður á rúmið. Hún hafði getað staðið upp, meðan hann slökkti í vindlingi, sem hann var með, og hann þá hent henni niður á rúmið. Hann hafði svo haldið höndum hennar aftur fyrir höfuðið og byrjað að kyssa hana, en hún sagt honum að hætta þessu. Hækkað hafi verið í hljómtækjunum í leiktækjasalnum, og kvað hún ekkert hafa heyrst í henni, þó að hún hafi reynt að öskra. Með þetta tak á henni, kvað hún ákærða hafa tekist að losa eða taka beltið úr buxum hennar og taka þær svo niður um hana og svo setja kynlim sinn inn í kynfæri hennar og hafa samfarahreyfingar, en bara stutt, eða um fjórum sinnum. Hún kvað hann þá hafa gefið henni kost á að halda áfram, en hún þá öskrað á hann að hætta og hann að lokum farið eftir því. Hún kvaðst hafa verið hrein mey og fundið til við það, að hann fór inn í hana, og það hafi aðeins blætt úr kynfærum hennar eftir þetta. Hún kvaðst, meðan á þessu stóð, hafa reynt að kalla eða öskra, en ekki mikið, þar sem hljómtækin voru svo hátt stillt. Hún hafði reynt að sparka og þeita fótunum, en ekki getað það að ráði, þar sem hann hefði setið ofan á þeim. Ekki minntist hún þess, að hann hefði neitt reynt að tala hana til, áður en hann hóf þessar aðfarir. Hún kvaðst svo hafa klæðst og farið fram til hinna unglinganna, sem ber saman um, að hún hafi þá verið mjög rauð í andliti og eins og hún væri að því komin að gráta. Hún hafði þá farið fram á salerni og hafði ákærður þá beðið C að fara til hennar. Hún hafði spurt hana, hvað hefði gerst, en A ekki viljað skýra frá því, fyrr en þær væru komnar út. Þær höfðu svo farið saman út, eftir að búið var að opna húsið fyrir þær, og kvað C ákærða hafa komið fram á stigapallinn, er þær fóru niður, og sagt A að kyssa sig bless, en hún ekki viljað, en ákærður þá tekið í hana og haldið henni, meðan hann kyssti hana. Hún kvað A svo, eftir að út var komið, hafa sagt henni, að ákærður hefði nauðgað sér, þ.e. tekið hana, hent í rúmið og nauðgað.

Ákærður neitaði alfarið (sic) í fyrstu að hafa haft samfarir eða reynt að

hafa samfarir við A né neina stúlkuna, sem sökuðu hann um kynferðisleg afbrot gagnvart sér, og einnig neitaði hann að hafa verið að gefa þeim eða öðrum ungmennum, sem sóttu staðinn, áfengi eða fíkniefni. Við síðari yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu og hér fyrir dómi hefur ákærður viðurkennt að hafa haft eða reynt að hafa samfarir við þessar stúlkur. Hann lýsir nánar atvikum að samförumum við A þannig, að framangreint kvöld hafi hann verið inni í diskóteksklefanum í leiktækjasal ásamt áður nefndum ungmennum og þau verið að drekka whiskey (sic), sem hann hafi lagt til, og hann og A verið að gjóa augunum hvort á annað og það endað með því, að hann hafi beðið hana að koma með sér og tala við sig. Hann hafi svo labbað yfir í billjarðsafgreiðsluna og hún komið þangað á eftir honum og hann farið strax að kyssa hana þar og hún svarað kossum hans og ekki sýnt neinn mótlþróa. Það hafi svo orðið úr, að þau hafi farið inn í herbergi hans og lagst upp í rúm. Þar hafi þau haldið áfram að kyssast og ákærði strokið henni. Hann kvaðst svo hafa hneppt buxnastrængnum á buxunum hennar og káfað á kynfærum hennar og fundið að þau voru blaut. Hann kvaðst þá hafa staðið upp án þess að tala nokkuð við A, sem legið hafi á bakinu í rúminu, farið að dyrunum fram á stigaganginn úr afgreiðslunni og læst þeim, en þær hefðu staðið opnar. Hann hefði svo farið inn í herbergið aftur, en ekki lokað herbergisdyrnum. Hann kvað A þá enn hafa legið uppi í rúmi og í sömu stellingum og þegar hann hafi farið út. Hann kvaðst hafa lagst aftur við hliðina á henni og haldið áfram að kyssa hana og þukla kynfæri hennar. Í miðjum þessum atlotum hefði hann spurt hana, hvort hún væri hrein mey, og hún kinkað kolli því til staðfestu. Þau hafi haldið atlotunum áfram og hann rennt að fullu niður rennilásnum á buxum hennar. Hann hafði svo beðið hana að lyfta upp rassinum, meðan hann dró buxurnar niður fyrir hann. Hún hefði ýtt fyrst í stað á buxnastrænginn með honum, en hann svo ýtt þeim (sic) niður á hæla hennar, en hún þó verið í báðum skálmunum. Hann hefði svo dregið buxurnar á sér niður á læri og rétt sest upp á meðan. Hann hafði svo lagst ofan á A, glennt sundur fætur hennar í því hafti, sem hún var í, látið liminn inn í kynfæri hennar, tekið einn til tvo samfararykki, en svo sagt henni, að nú gæti það orðið vont, og um leið rennt limnum innar í kynfæri hennar í gegnum meyrjarhaftið og hún þá kippst til. Hann hafði þá tekið liminn út og svo rennt honum aftur inn og hún þá sagt þetta vera vont og hann hætt og gert sér grein fyrir, að hann væri ekki að gera rétt með því að hafa kynmök við hana. Hann hafði ekki gáð að því, hvort blæddi úr kynfærum hennar né hvort blóð var á kynlim hans. Hann kvað þau svo hafa staðið upp, haldið áfram að kyssast og svo farið í diskósalinn, þar sem þau hafi enn haldið áfram að kyssast. Hann hélt því fram, að A hefði beðið hann að segja engum frá því, sem hún hefði verið að gera, en hann engu svarað

í því sambandi. Hann kvað svo C og A hafa farið af staðnum rétt á eftir, hann farið með þeim niður og hann þá kysst A á leiðinni.

Vitnið og ákærði hafa verið samprófuð, en ekki hefur fengist samræmi í framburð þeirra; það kannaðist við, að ákærður hefði kysst það við herbergið eða eftir að inn í það var komið, en hefur ekki tekið undir, að það hafi tekið þátt í þeim kossum, eins og ákærður heldur fram.

Eftir því sem fram er komið af framburði vitna og ákærða, má ætla, að ákærður og A hafi verið 15-30 mínútur inni í herberginu, og á þeim tíma fóru C og einnig Ágúst að huga að A og fóru að herbergi ákærða, en komu þá að læstum dyrunum á stigaganginum að billjarðstofunni. Ekki er fram komið, að þau hafi þá heyrt nein hróp eða köll úr herbergi ákærða eða orðið vör við átök þar, né er fram komið, að neinn annar af unglingunum í leiktækjasalnum hafi heyrt þaðan hávaða. A kærði ekki verknaðinn í beinu framhaldi né fór þá í lækni skoðun, heldur gerðist það ekki fyrr en eftir 9. nóv. 1986, er billjarðstofunni var lokað, eins og fyrr er getið, að hún og fleiri stúlkur sammæltust um að kæra ákærða fyrir kynferðisleg brot gagnvart þeim. Hún skýrði strax vinstúlkum sínum frá því, sem hafði gerst, þ.e. að henni hefði verið nauðgað. Hún hefur haldið því fram, að hún hafi strax um kvöldið skýrt strák að nafni Þorsteinn, sem þá hafi verið í leiktækjasalnum og séð hefði á henni, að ákærði hefði farið illa með hana, og hún sagt honum, að hann hefði farið upp á hana, og hún þá spurt hann, af hverju þeir (þ.e. strákarnir þarna) hefðu ekki bankað upp á herberginu, þar sem þeir hafi vitað, að ákærður dró hana þangað, en hann borið því við, að hann hafi verið það drukinn, að hann myndi það ekki. Ekki var áður fram komið, að unglingur með þessu nafni hafi verið í leiktækjasalnum þarna um kvöldið eftir kl. 23.00, og ekki vissi hún þau deili á honum, að unnt væri að kveðja hann fyrir dóm. Þau ungmenni, sem voru í leiktækjasalnum, er meint nauðgun átti sér stað, hafa, svo sem áður er lýst, borið, að A hafi verið eldrauð í framan og gráti næst eða grátandi, er hún kom út úr herbergi ákærða. Hins vegar kemur ekki fram, að hún hafi borið neina ytri áverka. Hún kvaðst þó, auk þess að hafa verið aum að neðanverðu, hafa verið marín á höndum eða úlnliðum eftir átökin við ákærða, og kvaðst hún hafa sýnt vinkonu sinni,, þessa áverka, um leið og hún hafi skýrt henni frá því, sem hafi gerst umrætt kvöld. ... hefur hér fyrir dómi staðfest framburð A um þetta efni, þ.e. að A hafi daginn eftir ætlaða nauðgun sýnt henni mar á hendi, sem hún sagðist hafa fengið í þessum átökum við ákærða, og einnig hafi hún haft áverka annars staðar á líkamanum, eftir að hafa í þetta skipti slegist utan í borð.

Eftir að kæra kom fram í máli þessu, fór A í lækni skoðun 10. nóv. 1986, og í vottorði Arnars Haukssonar segir svo um þessa skoðun:

„Aðdragandi:

— — —

Skoðun: A er að mörgu leyti opinn unglingur, en þó um margt á varðbergi. Greinilegt er að hún vill losna undan þessu vonda máli og leggur sig alla fram um að gefa sem nákvæmasta mynd. Af og til (sic) á hún þó erfitt og liggur við að hún beygi af, en harkar þó af sér. Að sjálfsögðu finnst ekkert við alm. líkamlega skoðun, þar sem svo langt er um liðið og ekki að öðru leyti lagðar á hana hendur.

Kvensjúkdómaskoðun: A er ekki full-kynþroska, enn ekki fullmyndaður hárvöxtur og barmar ekki enn tekið út fullan þroska. Ytri kyneinkenni eru sein eða a.m.k. ekki á undan aldri. Við skoðun í leggöng fer hún öll í varnarstöðu strax og nálgast er, meira en vænta má, og sýnt að hún á á öllu illu von. Reynt er að koma litlu skoðunaráhaldi upp í leggöng, en þá meiðir hún sig og fer að gráta. Ytri skoðun sýnir þröngan hring meyjarafts, sem þó rýmir enda skoðunaráhalds, en við það kemur sprunga í rönd haftsins, án þess að blæði þó. Er því ekki reynt frekar. Í leggöngum er eðlileg útferð, ekkert blóð og þreifing gefur lítið leg, en mikla verki svo hætta verður áður en full innri þreifing tekst (hefur hún og ekki með eðli málsins að gera).

Samantekt: Af frásögn A af aðdraganda og eðli verknaðarins, svo og lýsing á eigin ástandi eftir á, verður ekki dregin önnur ályktun en sú að hún hafi verið útsett (sic) fyrir nauðgun. Öll lýsing er þessleg, hvergi vantar á og erfitt að fella svo í einn ramma svo rökrétta lýsingu.

Skoðun gefur klárt (sic) til kynna, að enginn hefði getað haft samræði við hana án þess að meiða hana og særa. Kemur sú lýsing vel heim hjá henni. Viðbrögð hennar við skoðun eru og viðbrögð þess sem á illu á von, og ekki lík viðbrögðum jafnaðra sem undirritaður hefur skoðað við eðlilegar aðstæður. Þá verður ekki annað merkt af viðtali en A hafi orðið fyrir andlegu áfalli.

Af almennri skoðun, svo og kvensjúkdómaskoðun, verður í dag ekki sagt fyrir (sic) um hvort um nauðgun hafi verið að ræða eða ekki, en af sögu A og hátterni við skoðun kemur heldur ekkert fram sem bendi til þess að hún fari með ósatt mál.“

Læknirinn hefur komið hér fyrir dóm og staðfest framangreint vottorð, og kom þá ekkert fram um, að A hafi borið aðra áverka en lýst er í ákæru.

A hafði tekið að sækja billjarðstofuna, strax er hún opnaði (sic) um miðjan mars 1986, og síðar leiktækjasalinn og verið þarna nær fastur gestur og síðar unnið við afgreiðslu o.fl., fengið smálaun auk þess að vera heimilt að neyta frítt einhvers af þeim veitingum, sem þarna voru á boðstólum. Hún hafði kynnst ákærða áður, er hún ásamt Guðrúnu Halldórsdóttur bar út Morgunblaðið og þær seldu honum aukablaðið. Hún hafði þá farið með honum á bifhjóli, en hann hafði þá verið í Sniglunum. Hún hafði þrátt fyrir framangreinda ætlaða nauðgun haldið áfram að sækja að jafnaði

billjarðstofuna og leiktækjasalinn, en hafði eftir þetta beyg af ákærða og oftast verið í fylgd vinstúlkna eða pilta, er hún hafði farið. Þá er fram komið, að A hafði um viku síðar að beiðni ákærða farið ein inn í herbergi ákærða til að tala við hann og hafði beðið vinstúlku sína, ..., að koma með sér, en er hún og önnur stúlka með henni komu að herberginu, hafði því verið læst. Þær höfðu þá farið út og kíkt inn um gluggann, en ákærður þá dregið fyrir og A svo verið komin út úr herberginu, er þær komu inn aftur. A kvað ákærða hafa verið með kynferðislega áreitni við hana, viljað taka utan um hana og hent henni niður, en hún sagt honum að láta sig vera og hún þyrfti að komast heim og svo labbað út, án þess að hann hindraði för hennar.

Ákærður kvaðst hafa talið, að A væri 13 ára, en samkvæmt vitnisburði Guðrúnar Halldórsdóttur hafði vitnið rætt við ákærða um aldursmun þeirra ákærða og A, og hefði honum átt að vera ljóst, að hún var á 13. ári, er atburður þessi átti sér stað.

Ákærður var í framhaldi af því, að kærur voru lagðar fram á hendur honum fyrir kynferðislega misnotkun unglingsstúlkna, sem sóttu billjarðstofuna og leiktækjasalinn, úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi frá 11. til 26. nóvember 1986.

Lögð hafa verið fram í réttinum 10 bréf, sem A hefur viðurkennt að hafa skrifað ákærða, meðan hann var í gæsluvarðhaldinu, nema að (sic) eitt þeirra, sem vinstúlka A skrifaði fyrir hana. Þá hafði hún í einu bréfinu látið fylgja með mynd af sér. Þá er eitt bréf frá D, eitt frá Eddu Hafsteinsd. og eitt frá A og Möggu. Bréf þessi verða ekki rakin nákvæmlega hér, en bréf A eru auk þess að fjalla um sameiginleg áhugamál og einka- og fjölskyldumál hennar, mörg mjög innileg og nánast ástarbréf, þar sem hún endar t.d. með: „with love“ eða „þín A“ og „mun alltaf verða þín“, „þín stúlkukind A“, „your small girl“ o.s.frv. Í bréfunum kemur fram, að dregið hefur úr kala hennar til ákærða, og í fyrsta bréfinu lýsir hún því yfir að hún hati hann ekki lengur, en þyki mjög vænt um hann.

Í bréfi D kemur fram, að henni þykir þá, 7. jan. 1987, mjög vænt um ákærða, sjái mjög eftir að hafa kært hann og að hún voni, að þau geti alltaf verið vinir, þó að hún taki fram, að samband þeirra hafi ekki getað gengið lengra og að hann hljóti að hafa áttað sig á því. A kvaðst ekki geta skýrt, hvað vakað hafi fyrir henni með þessum bréfaskriftum, og kvað þetta ekki hafa verið ástarbréf.

A kvað meinta nauðgun hafa haft þau áhrif á hana, að henni hafi liðið illa og hún verið með martröð allan sólarhringinn lengi á eftir, en svo jafnað sig á þessu. A hefur skýrt það þannig, að hún skyldi ekki kæra ákærða strax fyrir nauðgun, að hún hafi í fyrstu orðið hrædd og ekki þorað að segja foreldrum eða öðrum fullorðnum frá þessu. Hún hafi ætlað að

gleyma þessu og haldið áfram að sækja billjarðstofuna og leiktækjasalinn og vinna þar, svo að foreldrar hennar áttuðu sig ekki á því, að neitt óeðlilegt hefði gerst.

Ljóst er af því, sem rakið hefur verið í gögnum málsins, að ákærður hefur haft samræði við stúlkuna A í lagalegri merkingu þess orðs. Hann setur kynlim sinn inn í kynfæri hennar og hefur svo samfarahreyfingar, svo að hann særir hana og meiðir um (sic) meyrjarhaftið, sbr. læknisvottorð. Hann taldi hana vera 13 ára og mátti vera ljóst, að hún var 12 ára, og hefur hann því með þessu gerst brotlegur við 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Nokkur vafi er hins vegar um það, hvort hann hafi þvingað hana til samræðisins, svo að varði við 194. gr. almennra hegningarlaga. Ósamræmi er í framburði þeirra um þetta efni, og dráttur hennar á að kæra veldur því, að ekki eru til staðar þau gögn, sem ella væru, svo sem læknisvottorð, sem segði til um, hverja áverka hún bar strax eftir ætlaða nauðgun. Við sönnunarmat um þetta atriði verður þó að leggja áherslu á, að kærandi hefur verið stöðug (sic) í framburði sínum hjá rannsóknarlögreglu, hjá lækni og hér fyrir dómi um valdbeitingu ákærða og samræðið, og er framburður hennar frekar trúverðugur, þar sem hann fær stoð að nokkru leyti í vætti vitnanna, sem þarna voru, og ekkert er sérstakt fram komið, sem rýrir hann eða gefur til kynna, að hún hafi veitt samþykki til samfaranna eða gefið ákærða undir fótinn. Þannig fær það stoð í framburði vitnanna, að hún hafi tregðast við og verið ófús að fara ein með ákærða til herbergis hans og hann hálfpartínn dregið hana eða haldið um öxlina á henni, er hann fór með hana inn í herbergi sitt, sem er andstætt framburði hans um, að hún hafi komið fúslega á eftir honum. Þá er sannað, að hún er mjög miður sín, eldrauð í framan, grátandi eða gráti næst, er hún kemur úr herbergi ákærða, og eitt vitni, ..., sér mar á höndum hennar daginn eftir, sem hún kvað vera vegna átakanna við ákærða, og rennir þetta allt stoðum undir, að framburður hennar sé réttur. Ákærður hefur hins vegar verið óstöðugur (sic) í framburði sínum og reynt að fegra sinn hlut, og hefur það engan veginn fengið stoð í framburði vitnanna, að A hafi viljað þýðast hann eða hafi tekið undir blíðuatlot hans. Þegar allt þetta er virt svo og, að ákærður er árásarhneigður, eins og fram kemur í dómi sakadóms Reykjavíkur frá 12.10.1988, verður að telja lögfulla sönnun fram komna um það, að ákærður hafði samræði við A gegn vilja hennar og beitti hana nokkru valdi til þess. Aftur á móti verður að telja, að andstaða hennar hafi verið nokkuð takmörkuð, þannig öskrar eða kallar hún ekki mikið, þar eð hún telur það tilgangslaust vegna hávaða í hljómf lutningstækjum, en samt á hún von á C innan tíðar (sic) og hún berst ekki heiftarlega um, því ella hefði hún borið þess meiri merki, sem ekki hefðu leynt sér, og jafnvel átt að sjá á ákærða. Þá er ljóst, að ákærður

hættir samförum að eindreginni beiðni hennar, eftir að hún kvartar mjög undan sársauka. Telja verður samt, að með framangreindri valdveitingu (sic) hafi ákærður og gerst sekur um brot á 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

2. B.

Hún hefur sakað ákærða um að hafa haft tvívegis við sig samræði, án þess að hún væri því samþykkt. Í fyrra skiptið, sem hún gat ekki tímasett nákvæmlega, en taldi það hafa verið allnokkru fyrir verslunarmannahelgina 1986, kvað hún það hafa borið að með þeim hætti, að hún hafi verið í samkvæmi einhvers staðar í Reykjavík, er hún hafi hringt í ákærða til að fá peningalán hjá honum fyrir leigubifreið. Hún hafði verið að drekka þetta kvöld í bænum og var talsvert drukkin. Hún hafði ekki hringt í foreldra sína, þar eð hún vildi ekki láta þá sjá, að hún var ölvuð, enda veki hún þau aldrei, er hún kæmi heim á nóttunni. Hún hafði hringt í ákærða um kl. 2.30 og komið að billjarðstofunni að Smiðsbúð 9 um kl. 3.00, en hún er stutt frá heimili hennar. Hún hafði farið upp til ákærða, en hurðin niðri var opin og ákærði fullklæddur. Hann hafði lánað henni það, sem upp á vantaði fyrir ökugjaldinu, og kvað hún hann jafnframt hafa boðið henni að koma upp að tala við sig. Eftir að hafa greitt ökugjaldið, hafði hún farið upp aftur til þess að skila afgangi af peningunum, sem hún hafði fengið umfram það, sem hún þurfti til að greiða ökugjaldið.

Í fyrstu skýrði hún svo frá hjá rannsóknarlögreglu, að þau hafi sest í herbergi ákærða inn af leiktækjasalnum og hann hellt í glas fyrir hana, að því að (sic) hún taldi, vodka, og gefið henni að drekka. Hún vissi ekki, hvað hún hafði drukkið mörg glös, en hún hefði orðið dauðadrukkin. Hann hefði svo farið að hafa samfarir við hana og hún vitað af því og ekki viljað það, en ekkert getað gert vegna þess, hversu drukkin hún var. Hún taldi, að hún hefði svo sofnað og svo vaknað um kl. 5.00 um nóttina og þá verið með buxurnar á hælunum. Hún hafði þá klætt sig og flýtt sér út og heim. Hún kvaðst þá ekki fyrir þetta hafa verið hrein mey. B kom hér fyrir dóm rúmu ári eftir, að hún gaf skýrsluna hjá rannsóknarlögreglu, sem hún staðfesti eftir yfirlestur. Hún bar þá við, að hún myndi þetta ekki allt saman, en sérstaklega spurð kvaðst hún hafa verið mjög drukkin, er hún kom heim til ákærða, en kannaðist ekki við að hafa neytt áfengis hjá honum, eftir að hún kom til hans. Hún kvað það hafa verið í fyrsta sinn, sem hún hafi orðið mjög drukkin, og hún vitað voðalítið, hvað hún var að gera. Hún kvaðst ekki hafa reynt að komast í burtu. Hún mundi ekki, hvað þeim hafði farið á milli áður, t.d. í orðum. Hann hefði bara sest hjá henni í sófann, og svo hefði það skeð, að hann hefði lagt hana niður í sófann, klætt hana úr og haft við hana kynmök. Hún kvaðst á engan hátt hafa gefið til kynna, að hún væri mótfallin þessu, hvorki æpt né annað, og vissi

hún ekki, hvort hann hafi mátt ætla, að hún væri þessu samþykk. Hún kvað það hafa verið af hræðslu, að hún barðist ekki á móti, þ.e. hún hefði séð hann koma illa fram við fólk, sem hrotti. Hún kvaðst hafa farið nær daglega á billjarðstaðinn eftir þetta og aðspurð, hvort henni hafi ekki þótt það óvarlegt miðað við, að hún var svona hrædd við ákærða. Hún kvað vini sína hafa yfirleitt verið þarna og hún farið á daginn til að hitta þá og hún hugsað, að það væri líka hræðsla að fara ekki aftur og með því væri hún að gefa í skyn, að hún væri hrædd við hann.

Ákærður hefur viðurkennt að hafa haft samfarir við B framangreint sumar og hún komið til hans úr samkvæmi í Reykjavík, eins og hún lýsti að framan, og ber framburði þeirra að mestu saman um aðdragandann, en þó telur ákærður, að atburðurinn hafi átt sér stað síðar en hún heldur fram, og miðar hann við, að kynmókin hafi átt sér stað, eftir að hann flutti svefnaðstöðu (sic) úr kompu inn af leiktækjasalnum í herbergi hjá afgreiðslu billjarðstofunnar, en það hafi ekki gerst fyrr en í september, og taldi ákærður að B hafi þá verið 15 ára. Hann kvað B ekkert áfengi hafa drukkið hjá honum í þetta sinn og taldi hana ekki hafa verið mikið ölvaða. Hann kvað B hafa komið upp til hans, eftir að hafa greitt ökugjaldið, og hann þá háttað sig og hún farið sjálf úr fötunum og lagst hjá honum og þau haft fullkomnar og eðlilegar samfarir, án þess að nokkuð (sic) ofbeldi hafi átt sér stað, og hún á engan hátt gefið til kynna, að hún vildi ekki hafa við hann kynmök, heldur verið þeim samþykk. Hann sagði, að það, að stúlkan var ölvuð, hafi gert honum auðveldara fyrir að hafa við hana samfarir eða ekki skemmt fyrir honum í því sambandi.

b. Síðara skiptið, sem ákærður er talinn hafa haft kynmök við B, var sunnudaginn 12. október 1986. B hafði þá komið á billjarðstofuna eftir kvöldmat með vinstúlku sinni, og var mikið af ungmennum fyrir á staðnum. Ákærður hafði þar beðið hana að koma inn í herbergi til sín og tala við sig. Eftir að hún hafði farið inn í herbergið með honum, hafði hann læst herberginu, hún sest þar á sófa og hann við hliðina á henni. Hún kvað hann strax hafa farið að eiga við hana og hún beðið hann að hætta, en hann ekki sinnt því. Hún hafði verið í smekkbuxum, og hafði hann tekið hlýrana út af öxlunum, lagt hana á bakið og svo fært buxurnar og nærbuxurnar niður að hnjám. Hann hafði svo komið fram vilja sínum og haft við hana samfarir, og hafði hún fundið, að honum reis hold, en hún hafði ekki fundið, að honum yrði sáðlát, og þetta staðið í um 10 mínútur. Hún sagði fyrst, að hún hefði streist á móti og margbeðið hann að hætta, en ekki þorað að öskra eða hrópa, af því að hún var hrædd við ákærða. Síðar hér fyrir dómi kvaðst hún ekkert hafa barist á móti því, að ákærður hefði við hana kynmök, og engin átök verið á milli þeirra, heldur hún einungis beðið hann að hætta. Hún kvaðst ekkert hafa þorað að gera vegna krakkanna, sem

voru frammi; hún hafi ekki viljað láta þau vita af þessu. Hún kvaðst hafa verið mótfallin samförunum og ekki tekið þátt í þeim. Hún kvað ákærða ekki hafa fengið sig eða reynt að fá sig til samfaranna með fortöllum, heldur notfært sér, að hún myndi ekkert þora að gera.

Ákærður hefur viðurkennt að hafa haft samfarir við B í framangreint sinn, en heldur því fram, að þau hafi orðið ásátt um að hafa þarna samfarir, eftir að hafa verið að grínast um fyrri samfarirnar. Hann kvað þau hafa hvort um sig klætt sig úr að neðanverðu. Hann kvað hana hafa verið ódrukkna í þetta sinn, samfarirnar hafi staðið í 10 mínútur og þau farið fram strax á eftir.

c. Laugardagskvöldið 8. nóvember 1986 hafði B verið á billjarðstofunni og hafði ákærður þá verið drukkinn, og sakaði hún hann um að hafa þá reynt við hana. Hún hafði gengið með honum inn í leiktækjasalinn og hann þá beðið hana að koma með sér inn í kompu, sem hann hafði þar inn af. Hún kvað hann hafa lokað hurðinni að kompunni án þess að læsa henni og svo byrjað að reyna við hana, en hún haft í fullu tré við hann vegna þess, hve drukkinn hann var, og losnað frá honum, án þess að nokkuð gerðist. Hún taldi ekki um neina valdbeitingu hafa verið ræða (sic) eða átök. Hann hafi beðið hana um að hafa við sig samfarir og hún neitað og verið hörð á því og komist frá honum án þess að þurfa að slíta sig lausa. Hún kvað hann ekki hafa verið máttlausan, þó að hann hafi verið drukkinn, og hún treysti sér ekki til að segja til um, hvort hann hafi verið vegna ástands síns ófær um að hafa samfarir.

Ákærður hefur viðurkennt að hafa reynt að hafa samfarir við B í greint sinn, en það hafi ekki tekist vegna þess, hve ölvaður hann var. Hann kvað B hafa viljað hafa við hann samfarir og farið sjálf úr að neðanverðu, en honum hafi ekki risið hold og því ekki orðið af þeim og hún svo klætt sig og farið fram. B hefur neitað því að hafa klætt sig þarna úr og að hún hafi verið fús til samfaranna. Hún kvaðst hafa verið búin að drekka áfengi og taka inn fíkniefni, sem hún hafi fengið hjá ákærða, og verið orðin rugluð.

Vegna rannsóknar málsins var B látin fara til lækni skoðunar hjá Arnari Haukssyni lækni 10. nóv. 1986, og segir svo í niðurstöðum læknisvottorðs hans um skoðunina: „B hefur verið í hópi krakka, sem haldið hafa til á billjarðstofu. Laugardagskvöld eitt fyrir fjórum vikum (vottorðið dags. 14/11'86) kom hún þangað að slá fyrir (sic) bíl heim. Endaði þeim viðskiptum (sic) með því, að maðurinn í stofunni hafði við hana samfarir. Við skoðun nú fjórum vikum seinna finnast ekki neinir áverkar, en hins vegar merki um sýkingu í leggöngum og ríkulegt magn (sic) flatlúsar. Fékk hún meðferð við hvoru tveggja.

Ákærður var skoðaður 16. nóv. 1986 af fangalækni, og kom í ljós, að hann var með flatlús.

Ljóst er, að ákærður hefur í þau tvö skipti, sem lýst er í a- og b-liðum hér að framan, haft holdlegt samræði við B að óvilja hennar, þó að ekki hafi verið um teljandi mótspyrnu að ræða af hálfu hennar. Í fyrra skiptið hefur ölvunarástand hennar getað ráðið nokkru um og í síðara skiptið beygur sá, sem hún hafði, að aðrir unglingar kæmust að því, sem var að gerast. Þá þykir ekki ástæða til að rengja frásögn hennar um, að hún hafi óttast ákærða vegna hrottalegs atferlis hans gagnvart öðrum, sem hún hafði séð til. Mikill aldursmunur er á ákærðum og B, þar sem hann var á þessum tíma 27 ára, en hún í fyrra skiptið 14 ára, en það síðara 15 ára. Telja verður nægilega sannað með vísan til þess, sem rakið hefur verið hér að framan, að ákærður misnotar sér það, að stúlkan var ölvuð í fyrra skiptið, og einnig í bæði skiptin óttann, sem hún hafði af honum, og svo yfirburði aldurs og reynslu til að tæla hana til beggja samræðanna og hefur með því gerst brotlegur við 2. mgr. 200. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Þá þykir í ljós leitt, að ákærður ætlaði að hafa samræði við B í þriðja skiptið, sem lýst er í lið c hér að framan, með því að nota ótta hennar og yfirburði sína vegna aldurs og reynslu, en tókst ekki vegna mikillar ölvunar sinnar, en stúlkan hafði þess vegna ekki sama ótta af honum og hafði í fullu tré við hann. Hann hefur með þessu athæfi gert tilraun til að tæla hana til samræðis, svo að varðar við 2. mgr. 200. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

3. C.

Hún hafði tekið að venja komur sínar á billjarðstofuna, eftir að leik-tækjasalurinn var opnaður. Hún hafði falast eftir því að fá hjá ákærða vinnu, þ.e. að spila hljómplötur í diskóklefanum, og hafði verið um talað, að hún hæfi þetta starf þriðjudaginn 21. október 1986, en tvö kvöld á undan hafði hún verið þarna til reynslu og spilað plötur. Hún hafði komið þennan dag, 21. okt., kl. 17.00 og unnið, þar til hún fór heim í kvöldmat, og kvaðst hún ekki hafa séð ákærða á því tímabili. Eftir kvöldmatinn hafði hún komið aftur og þá séð ákærða, sem hún kvað svo hafa kallað hana inn í herbergi sitt til að ræða um þetta starf. Hún kvað hann hafa læst herberginu, eftir að hún var komin inn, og svo ráðist umsvifalaust að henni og kysst hana. Átök hafi orðið á milli þeirra og hann þá kastað henni utan í vegginn, um leið og hann hafði hent henni í rúmið. Hún hafi verið í „jogging-galla“ með teygju um mittið, og kvað hún hann auðveldlega hafa getað troðið hendinni niður í þær (sic) og svo hafi hann troðið fingrinum inn í leggöng hennar. Hún kvað hann hafa gyrt (sic) niður um sig og hún séð kynfæri hans. Hún kvað hann hafa náð að halda henni niðri með því að setjast ofan á hana, og hafi hann reynt að troða typpinu inn í hana, en ekki tekist það, þar sem hún hafi barist um, m.a. hafi hún

náð að sparka í hann. Hún kvað ákærða hafa sagt við sig, að hann ætlaði að ríða henni, og hún þá sagt til að sleppa frá honum: „Nei, seinna eða á morgun“ — og hann þá látið hana lausa og hún svo getað opnað hurðina, þ.e. tekið hana úr læsingu og komist út. Hún kvaðst ekki hafa verið hrein mey á þessum tíma.

Ákærður hefur viðurkennt að hafa reynt kynmök við C í greint sinn. Hann kvað hana hafa verið búna að gefa sér hýrt auga á dögnum (sic) á undan og hann því kallað á hana inn í herbergi til sín í því skyni að reyna við hana og gert sér grein fyrir, að hún væri eitthvað um sextán ára. Hann kvaðst hafa læst herberginu, eftir að C hafði sest á stól þar inni, og svo sest eða kropsið hjá henni og tekið í hendina (sic) á henni og kysst hana og þau „kelað“. Hann kvað þau svo bæði hafa staðið upp og gengið að rúminu, hann sleppti hendinni á henni á meðan, og hún gengið sjálfviljug að rúminu, þar sem þau hafi lagst fyrir og haldið áfram að kyssast. Hann kvaðst hafa farið með hendina (sic) inn fyrir buxnastrænginn á „jogging“-buxum hennar og farið með einn fingur inn í kynfæri hennar án þess að klæða hana neitt úr. Hann kvaðst hins vegar hafa hneppt niður um sig og fært hendurnar á C á kynfærin á sér og hún tekið um þau, en ekkert orðið úr þessu þeirra á milli nema rétt snertingin. Hann kvaðst hafa verið að færa sig upp á skaftið, þegar C hafi sagt, að hún vildi þetta ekki í þetta skiptið, heldur frekar næsta dag á eftir. Hann kvað engin átök hafa átt sér stað þeirra á milli og neitar því að hafa farið gegn vilja C og beitt valdi, eins og hún haldi fram.

C hefur borið fyrir það (sic) að hafa sýnt ákærða neinn áhuga, hvorki gefið honum hýrt auga né reynt neina þá tilburði, sem gæfu til kynna, að hún hefði áhuga á honum. Hún kvaðst heldur ekki (sic) hafa kysst eða talað við ákærða með vilja, eins og hann haldi fram, heldur hafi hann haldið um hálsinn á henni og hún því ekki komist frá honum.

Ákærða og vitnið voru samprófuð hér fyrir dómi, auk þess sem þau hvort um sig voru spurð ýtarlegar um málsatvik, en ekki fékkst samræmi í framburð þeirra. Fram kom, að ákærður var undir áhrifum áfengis eða einhverra vímuefna. Aðspurð (sic), hvort það hafi að einhverju leyti ráðið við ákærða, kvaðst það bara hafa ýtt við honum og þá hafi hann hætt og farið að hlæja. Það kvað ekkert hafa séð á sér eftir þetta. Það hafi hvergi verið marið né hafi það bólгнаð upp eða rispast. Það hafði ekki kallað á hjálp, þó að það hafi vitað af krökkunum frammi, en er það hafði komið fram eftir þetta, höfðu verið unglingar þar, sem hafi verið hlæjandi og höfðu heyrt læti, en haldið, að þetta væri eitthvað (sic) „joke“, en enginn hugsað út í, hve langt þetta gæti gengið. Það dró í land með það, að það hefði sparkað í ákærða, heldur hafi það ýtt löppinni í hann, þegar hann hélt því niðri. Ekki er vitnisburður neins í málinu, sem sá það fara inn

í herbergið til ákærða, né um ástand og útlit þess, þegar það kom þaðan. Það kvaðst hafa sagt A og strák, sem það hafi þá verið með og kallaði Ella, frá þessu, en ekki liggur fyrir vitnisburður hans, það vissi ekki föðurnafn drengsins. Það hafði haldið áfram að sækja staðinn eftir þetta, en þá verið með kærastanum sínum, nefndum Ella, en ekki talað við eða yrt á ákærða eftir þetta. Það var spurt, hvort það hafi ekki verið smeykt við að fara inn til ákærða, einkum þar eð það hafi þá vitað, hvað henti A áður. Það kvaðst á þessum tíma hafa verið á föstu með öðrum strák, sem alltaf hafi verið með því í diskóklefanum, og ákærður vitað af því, og þetta komið flatt upp á það, þar eð hann hafi einungis ætlað að tala um viðskipti. Það kvaðst hafa vitað, að hann var hrifinn af A og alltaf verið að tala um það við það og alltaf gengið að A og sagst elska hana og allt þannig, svo að það hafði ekki búið við, að hann myndi gera neitt við það, úr því að hann var hrifinn af A.

Ákærður kvað ekki hafa verið höfð nein sérstök orð þarna, meðan hann var að reyna við C. Hann hafi farið nokkuð léttilega inn fyrir „jogging-gallann“ og hún látið vel að því (sic). Vitnið kvað ákærða hafa haldið, er það vildi ekki kyssa hann, að það væri að gera að gamni sínu. Það kvaðst hafa tekið um hendurnar á ákærða, sagt honum að hætta þessu og ýtt honum frá, er hann hafði reynt að taka niður um hana buxurnar og farið með fingurna inn í kynfæri hennar. Það kvaðst næstum því hafa getað ráðið við ákærða með því, sem það sagði.

Ákærður kannast ekki við að hafa beitt C valdi nema þá undir lokin, er hann hafi hætt, og vildi þó ekki kalla það valdbeitingu.

Þó að gögn málsins bendi að vissu marki til þess, að ákærður hafi ætlað að þröngva C til samræðis við sig, þykir, þegar virt er neitun ákærða, að C hefur dregið nokkuð í land um valdbeitingu, ber engin merki um hana og engin vitni eru um viðbrögð hennar, strax eftir að hún kom frá ákærða í greint sinn, ekki er fram komið, að unglingar, sem voru þarna nálægt herberginu, heyrðu hróp eða köll um aðstoð, og C hefur lýst því yfir, að hún hafi næstum getað ráðið við ákærða með því, sem hún sagði, en hann hættir ágengni sinni fyrir hennar orð, varhugavert að telja fram komna fulla sönnun um, að hann hafi ætlað að þvinga hana til samræðis, svo að varði við 194. gr., 1. mgr. 20. gr., almennra hegningarlaga. Hins vegar er ljóst, að hann ætlar að hafa samræði við stúlkuna, án þess að sannað sé, að hún hafi samþykkt, og sýnir hann henni vissa ágengni í því sambandi. Stúlkan er að sækjast (sic) eða hefja störf hjá ákærða, og notar ákærður sér það og þá yfirburði aldursmunar og reynslu til með vissri ágengni að reyna að ná fram samförum og telst þannig reyna að tæla stúlkuna, svo að varði við 2. mgr. 200. gr., sbr. 20. gr. alm. hegningarlaga.

4. D.

Hún hefur borið á ákærða, að hann hafi reynt að nauðga henni aðfaranótt mánudagsins 29. september 1986. Hún hafði unnið hjá ákærða um vikutíma í lok ágústmánaðar og svo farið um haustið í Skógaskóla, og var þetta fyrsta frihelgi hennar í skólanum. Hún hafði verið ásamt Ragnheiði Eddu, vinstúlku sinni, í húsi í Breiðholti í Reykjavík, þar sem þær höfðu drukkið einn erlendan (áfengan) bjór. Þær höfðu svo seint um kvöldið hringt í ákærða og beðið hann að lána þeim fyrir leigubifreið, sem hann hafi sagt vera í lagi, en þó frekar viljað, að D kæmi ein. Þær höfðu komið til hans um kl. 23.30-23.45. Hann hafði greitt fyrir þær ökugjaldið og sagðist síðan hafa gefið þeim það og svo boðið þeim inn til sín. Hann hafði boðið áfengi, spíra, að því er hún taldi, sem hún hafði þegið. Ákærður hafði ekkert drukkið og ekki verið ölvaður. Þau höfðu setið í herbergi ákærða og hún drukkið tvö til þrjú glös með áfengisblöndum fram til klukkan 2.00 til 2.30, og var D þá orðin talsvert ölvuð. Hún hafði þá þurft að fara á salerni, og er hún kom fram aftur, var vinstúlka hennar farin og ákærður sagt hana hafa viljað fara heim. Hún hafði þá ætlað að hlaupa út, en ákærður talið hana á að vera áfram með því hálfpartinn að mana hana, þ.e. höfða til þess, hvort hún væri hrædd við hann. Hún hafði því setið áfram þarna hjá honum og fengið oftar í glasið hjá honum. Þau höfðu setið þarna sitt hvorum megin við borð, og kvað hún ákærða svo hafa komið yfir til sín og farið að sleikja á henni eyrað. Þessu næst hafi hann tekið hana í fangið og haldið á henni yfir í rúmið. Hann hafi svo reynt að halda höndunum á henni, meðan hann hafi hneppt frá buxnastrængnum og dregið buxurnar niður um hana. Hún hafði þá sagt honum að hætta þessu og hálfhrópað á hann og hann þá sleppt höndunum á henni og hún dregið buxurnar upp aftur. Hún kvað hann ekkert hafa káfað á henni undir fatnaðinum, en sleikt á henni munninn og hún þá sagt honum, að hún vildi þetta ekki og hann þá hætt. Hún taldi, að hann hefði verið að reyna við hana í klukkustund, en hún hafði svo farið fótgangandi heim til sín og komið þangað kl. 4.00 til 4.30. Hún kvað ákærða hafa reynt við sig í nokkur önnur skipti, en hann þá ekki gengið svona langt, heldur verið að reyna að kyssa hana og káfa á henni.

Hún kvað það hafa komið greinilega fram hjá ákærða þarna um nóttina, að hann vildi hafa við hana samfarir og hann farið fyrst að henni með góðu. Hún kvað ekki hafa komið til handalögmála eða slagsmála á milli þeirra, og hún taldi hann ekki hafa beitt sig ofbeldi að öðru leyti en því, að hann hafi haldið henni, er hún hafi verið að reyna að komast út. Hún kvað (sic), vegna þess að hún var drukkin, ekki hafa ráðið við ákærða, ef hann hefði beitt sér til að ná fram vilja sínum, og hefði henni ekki fundist, að hann vildi ganga svo langt. Hún hafði sótt billjarðstofuna

eftir þetta, en aldrei farið aftur ein með honum eftir þetta. Hún hafði svo skrifað honum eitt bréf, meðan hann var í gæsluvarðhaldi, og eftir að hann var laus úr því, heimsótt hann ásamt fleiri unglingum, er hann dvaldi á Hótel Esju, og hafði hann boðið þeim og verið undir áhrifum vímuefna, er þau komu þangað.

Ákærður hefur viðurkennt að hafa reynt við D í greint sinn og greinir frá aðdragandanum, — og voru vinir hennar, Gunnar og Edda, hjá honum, þar til þess að Edda fór, — mjög á sama veg og D hér að framan, en neitar því hins vegar að hafa beitt hana ofbeldi og að hafa reynt að taka niður um hana buxurnar, þrátt fyrir það að hún væri því andvíg, en kvaðst í greint sinn hugsanlega hafa fíktað við smellu á buxum hennar, en þegar hún hafi neitað og færst undan, hafi hann hætt. Í önnur skipti kvaðst hann hafa kysst hana og látið vel að henni án þess að vera með aðra ágengni við hana. Hann kvað þau hafa verið með klámkjast hvort við annað, sem endað hafi með kossaflelsi, og að þau hafi lagst upp í rúm og verið að „kela“ og kyssast, en D tjáð honum að hún léti það ekki í fyrsta skipti, þ.e. hún hefði ekki samfarir við neinn nema hafa kysst hann nokkuð áður. Hann kvað hvorugt þeirra hafa farið úr neinum fatnaði.

Edda hafði við skýrslutöku rannsóknarlögreglu haldið því fram, að eftir að D hafi farið inn á salernið, hafi ákærður rekið hana út. Ákærður hefur neitað þessu, og kvað hann Eddu hafa verið orðna þreytta á D og verið mikið búin (sic) að nauða í henni að koma heim og hann þá sagt Eddu, að hún skyldi bara fara, og hún gert það og flýtt sér út án þess að reyna að hafa samband við D á salerninu.

Ekki þykir sannað gegn neitun ákærða, að hann hafi ætlað að þvinga D til samræðis með valdbeitingu. Hins vegar er ljóst, að hann ætlar að hafa við hana samræði og sýnir henni vissa ágengni í því sambandi og reynir, hvað hann kemst langt án andstöðu, en hættir, er hann finnur hana og hún segir honum að gera það. Stúlkan var ölvuð, og notaði ákærður sér það og yfirburði aldursmunar og reynslu til að reyna að ná að hafa samræði við hana og hefur með því gerst sekur um tilraun til tælingar, svo að varðað getur við 2. mgr. 200. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

5. E.

Laugardagskvöldið 8. nóvember 1986 hafði E sem oftast verið á Billjarðstofu Gardabæjar, þangað sem hún hafði farið með B og A. Hún hafði verið nokkuð ölvuð og m.a. haldið til ásamt fleiri ungmennum í herbergi ákærða, og er fram komið, að hann hafði sýnt henni mikinn áhuga og reynt við hana. Hún hafði svo farið á salernið þarna, og meðan hún var stödd þar, kvað hún ákærða hafa komið þangað inn og lokað að þeim, en ekki

var þó unnt að læsa hurðinni. Hún kvað ákærða þarna hafa reynt að kyssa hana og hún þá lent í átökum við hann. Hún hafði barið hann í andlitið og hann hana á mótí, svo að hún hafði bólgað á efri vör hægra megin. Hann hefði svo skellt henni niður í gólfið, og í fallinu hafði hún rekið fótinn í klósettskálina og fundið til í fætinum nokkru (sic) á eftir. Hún hafði öskrað upp, en ákærður þá sagt henni að róa sig niður (sic). Hann hefði ekki káfað á henni innan klæða, en henni hafði fundist sem hann ætlaði að hafa samfarir við hana þarna á salerninu, og farið að gráta. Strákur að nafni Jón Örn, sem áður er nefndur, hafði verið staddur þarna hjá og komið henni til hjálpar, en þá var hún á leið út af salerninu hágrátandi, og hafði hann í framhaldi af þessu ekið henni heim.

Ákærður kannaðist við, er hann var spurður hjá rannsóknarlögreglu um atvik þetta, að hafa farið í greint sinn inn á salernið, þar sem E hafi verið að snyrta sig, og hann verið að kvabba eitthvað í (sic) henni. Hann neitaði því að hafa skellt henni í gólfið og slegið hana í andlitið. Hann neitaði því, að átök hefðu átt sér stað á milli þeirra eða að hann hafi beitt hana ofbeldi, en kvað hana hafa farið að gráta og kallaði þetta stundarbrjálæði hjá henni. Frekar spurður um atvikið hér fyrir dómi kvaðst ákærður hafa tekið utan um E og látið vel að henni, en hún brugðist illa við og grenjað undan honum, en ekki minntist hann þess, að hann hefði slegið hana, en þarna hafi orðið læti og hún í þeim fallið um salernisskálina, lent á sitjandanum á gólfinu og svo lagst í það. Hann neitaði sem fyrr að hafa slegið hana, en kvað hana hafa fallið, er hann hafi sleppt henni, eftir að hafa haldið utan um hana til að róa hana niður (sic) og megi þannig segja, að hann eigi sök á fallinu.

E hélt fast við það hér fyrir dómi, að ákærður hefði slegið hana og hrint henni, svo að hún hafi fallið í gólfið. Hún var þó ekki alveg viss um, að hún hefði slegið hann, heldur hefði hún alla vega (sic) ýtt honum frá sér eða þá slegið hann í framan og þannig komist undan honum. Hún hélt því þá fram, að hann hafi dregið hana inn á salernið. Hún kvað hann hafa kysst sig tungukossi, en ekki verið með aðra tilburði eða sagt neitt um, að hann ætlaði að hafa við hana kynferðisleg mök, en hún kvað hann samt hafa gefið til kynna, að það ætlaði hann sér eða henni fundist það. Hún kvað ákærða hafa verið drukkinn, en þó ekki slagað, en hún þó ekki getað ráðið við hann. Hún kvaðst eftir barsmíðarnar hafa bólgað um munninn, svo að þar hafi komið kúla, og einnig hefði hún meitt sig á hnénu eða undir hnénu. Hún hafi ekki farið til læknis vegna meiðsla þessara.

Áðurnefnd B hefur borið, að í greint sinn hafi hún farið inn á klósettið við hliðina á klósettinu, sem E fór inn á, og þá heyrt öskrin og ópin í E og jafnframt heyrt, að ákærður var að reyna að róa hana niður. Fram kom hjá henni, að ákærður hefði verið að reyna við E inni á klósettinu

og að hún vissi, að það hafði ekki tekist hjá honum og hún komist undan honum og sloppið lítils háttar meidd.

Vitnið Jón Örn Guðmundsson hefur borið, að það hafi þetta kvöld verið inni í herbergi ákærða ásamt fleiri krökkum, þ. á m. E, sem hafi orðið nokkuð ölvuð og ákærður sífellt verið að reyna við hana, en hún ekki viljað tala við hann, og hafi vitninu fundist, að E hafi alltaf verið hrædd við ákærða. E hefði svo síðar farið fram og það verið frammi á leið út, er hann (sic) hefði heyrt, að læti voru inni á klósettinu, og það hafði gert sér grein fyrir, að ákærður var þarna inni hjá E og var að biðja hana að kyssa sig, en hún neitað. Það hafði svo heyrt öskur í E þarna inni og hún rétt á eftir komið hágrenjandi út og hlaupið til þess og beðið það um hjálp, og kvað hann hafa komið fram hjá henni, að ákærður hafi lamið hana, af því að hún hafi ekki viljað kyssa hana (sic). Vitnið kvaðst muna, að E hafi verið meidd, er hún kom til þess, og minnti, að hún hafi verið með sprungna vör, alla vega (sic) eitthvað slösuð, en ekki mundi það, hvort að (sic) það sá á henni á fleiri stöðum. Það hafði svo ekið henni heim.

Sannað er, að ákærður réðst að E, þar sem hún er á eða við salernið, og kemur til átaka milli þeirra, og er hún með sprungna vör og meiðsli á hné eftir þau átök, og er ákærður valdur að þeim meiðslum og ekkert, sem styður þá fullyrðingu ákærða, að þetta hafi verið gáleysisverk, heldur þykir það, að E er með sprungna og bólgna vör, þó að hún hafi fallið aftur fyrir sig í átökunum, benda til þess, að hún hafi verið slegin. En vætti vitna eru um, að hún hafi verið að verjast árás eða ágengni ákærða. Hann þykir með þessu hafa gerst sekur um brot á 1. mgr. 217. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærður hefur, frá því að hann framdi framangreinda verknaði, hlotið 5 dóma, þar sem honum hefur alls verið gerð (sic) 7 mánaða og 7 daga fangelsi fyrir brot á alm. hegningarlögum, auk þriggja dómsátta, þar sem honum hafa verið gerðar sektir fyrir ýmis refsilagabrot, og hæstaréttardóms frá 14.11. 1986, þar sem honum er gert 2 mánaða fangelsi fyrir umferðarlagabrot. Í málinu ber því að dæma ákærða hegningarauka skv. 78. gr. almennra hegningarlaga. Við refsimat í máli þessu ber að taka tillit til þess, að hann hafði með höndum rekstur, sem opinber leyfi þurfti til, og að hann bregst ábyrgð þeirri, sem því fylgir, en hins vegar þykir hegðun kærenda eftir brotin gefa til kynna, að afleiðingar þeirra hafi ekki verið mjög alvarlegar fyrir þá. Refsing ákærða þykir samkvæmt áðurnefndum ákvæðum almennra hegningarlaga og með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 13 mánuði.

Rétt þykir með vísun til 76. gr. almennra hegningarlaga, að gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 11. til 26. nóvember 1986 komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, sem ákveðast krónur 60.000, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Jóns Oddssonar hrl., sem ákveðast og kr. 60.000 auk söluskatts, kr. 15.045 í réttargæslubóknun, sem þegar hefur af hálfu embættisins verið lagt út fyrir til verjandans.

D ó m s o r ð:

Ákærður, Birgir Andrésson, sæti fangelsi í 13 mánuði að frádreginni 15 daga gæsluvarðhaldsvist.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, krónur 60.000, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Jóns Oddssonar hrl., kr. 60.000 auk söluskatts, og réttargæslubóknun til hans, kr. 15.045.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
